

Dómsorð:

Aðalstefndu, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Saltsölunnar s/f.

Varastefndu, Keflavíkurkaupstaður og Friðrik Á. Magnússon, Óskar Kristjánsson og Stefán Björnsson f. h. eigenda jarðanna Njarðvíkur I, II og III, Höskuldarkots I, II og III, Vatnsness, Þórukots og Bolafótar, greiði in solidum Saltsölunni s/f, Reykjavík, kr. 750.000 með 7% ársvöxtum frá 2. október 1970 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 75.000 í málskostnað.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Ofangreindar fjárhæðir skulu greiddar innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. maí 1978.

Nr. 132/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Árna Jóhannssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ómerking. Ákæru vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Svo sem greinir í héraðsdómi, kærði nafngreindur héraðsdómsslögmaður f. h. Lífeyrissjóðs byggingamanna mál þetta til sakadóms Reykjavíkur með bréfi 14. janúar 1976. Rannsóknarlögreglan tók skýrslu af ákærða 9. september s. á. Hér-

aðsdómslögmaðurinn ritaði sakadómi að nýju bréf 13. s. m. og veitti þá fyrst upplýsingar um fjárhæðir þær, sem hann taldi vanskilin nema hjá hlutafélagi því, er ákærði var framkvæmdastjóri fyrir. Málið var að svo fögnu sent ríkissaksóknara með bréfi sakadóms Reykjavíkur 22. s. m. Eigi voru meðal málgagna kjarasamningur milli Meistarafélags húsa-smiða og Trésmiðafélags Reykjavíkur frá 1971 og samkomulag milli sömu aðilja frá 1972, er til var vísað í kærubréfi 14. janúar 1976, varðandi skyldur meðlima í fyrrgreinda félaginu til greiðslu fjár í Lífeyrissjóð byggingamanna. Ekki lá heldur fyrir eintak af reglugerð fyrir Lífeyrissjóð byggingamanna, sem talin er staðfest af fjármálaráðuneytinu 16. mars 1971, um tiltekið atriði, en reglugerðin er eigi birt í B deild Stjórnartíðinda. Í skýrslu ákærða fyrir rannsóknarlögreglu kemur eigi fram, á hvern hátt iðgjöld starfsmanna fyrirtækisins til lífeyrissjóðsins voru reiknuð í launauppgjöri við þá.

Ákæra í máli þessu, sem er að efni til ábótavant, þykir vera reist á rannsókn, sem fullnægði ekki, eins og á stóð, skilyrðum laga til málshöfðunar, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákær- unni frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Kristjáns Stefánssonar, cand. jur., 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttar- lögmans, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. mars 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 3. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 129/1977: Ákærvaldið gegn Árna Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. október 1976, gegn ákærða, „Árna Jóhannssyni, framkvæmdastjóra, Álþheimum 8, Reykjavík, fæddum 30. janúar 1933 á Vatnsfirði fyrir brot á 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa sem framkvæmdastjóri Byggingafélagsins Brúnar h/f vanrækt að standa Lífeyrissjóði byggingamanna skil á kr. 532.380, sem hann hafði haldið eftir af launum starfsmanna fyrir-tækisins til greiðslu iðgjalda í nefndan lífeyrissjóð fyrir tímabilið frá september 1974 til júlí 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1955 26/4 Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.

1955 16/12 Hafnarfirði: Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.

1974 12/3 Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á reglugerð nr. 85/1966.

1975 20/10 Kópavogi: Sátt, 1.800 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um stöðumæla.

1976 6/7 Reykjavík: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 27/1 1976.

Málavextir eru þessir:

Hákon H. Kristjánsson héraðsdómslögmaður kærði mál þetta til sakadóms Reykjavíkur með bréfi, dagsettu 14. janúar 1976. Segir á þessa leið í kærinni:

„Byggingafélagið Brún h/f, skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur, hefur í sinni þjónustu trésmiði vegna byggingaframkvæmda sinna.

Samkvæmt kjarasamningi milli Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík annars vegar og Trésmiðafélags Reykjavíkur hins vegar d.s. 4/12 1971, 15. gr. og samkomulagi SBM og MB 11/2 1972 skulu „iðgjöld til Lífeyrissjóðs byggingamanna greiðast af öllum iðnsveinum og nemum í starfsgreininni. Iðgjöldin séu 10% og

greiði atvinnurekandi (Brún h/f) 6%, en launþegi 4% . . .“ „Atvinnurekanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Áskilinn er réttur til að innheimta frá gjaldldaga vexti af iðgjöldum, sem ekki er skilað innan 30 daga frá því þau féllu í gjaldldaga . . .“ Samsvarandi ákvæði eru í öllum kjarasamningum.

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar Lífeyrissjóðs byggingamanna staðfestri af Fjálmálaráðuneytinu 16/3 1971 skulu „Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum . . . skiptist iðgjald þannig, að launþegi greiði 40% en launagreiðandi 60% iðgjalds“. Þess má geta, að í útseldri vinnu trésmíðaverkstæða er reiknað með lífeyrissjóðsiðgjaldinu sem kostnaðarlið.

Ekki er nóg með að Brún h/f hafi algerlega svikist um að standa Lífeyrissjóði byggingamanna skil á lífeyrissjóðsgreiðslum þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, heldur hefur Brún h/f engar upplýsingar viljað gefa sjóðnum um starfsmenn, tíma, kaup og/eða iðgjöld.

F. h. Lífeyrissjóðs byggingamanna kæri ég stjórn hlutafélagsins Brún h/f, Reykjavík, fyrir meintan fjárdrátt með því að hafa tekið úr launaumslögum starfsmanna sinna lífeyrissjóðsiðgjaldagreiðslur án þess að standa skil á þeim þeim til sjóðsins, og krefst ég þess, að stjórnarmönnum verði refsað fyrir hegningarlagaþrot, en stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Brún h/f er hr. Árni Jóhannsson, trésmíðameistari, Álfheimum 8, Reykjavík“.

Þá segir m.a. á þessa leið í bréfi lögmannsins til dómsins, dags. 13. september sama ár:

„Í aprílmánuði 1976 skilaði hlutafélagið skilagreinum varðandi lífeyrissjóðsiðgjöld fyrir tímabilið september 1974 til desember 1975 samtals að fjárhæð kr. 442.040, og 1. sept. 1976 skilaði félagið skilagreinum varðandi lífeyrissjóðsiðgjöld fyrir tímabilið janúar 1976 til júlí 1976 að fjárhæð kr. 90.340.

25/8 1976 afhenti lögmaður hlutafélagsins hr. Kristján Stefánsson, hdl., Ránargötu 9, Reykjavík, mér sem „tilraun til greiðslu“ víxil að fjárhæð kr. 710.000 þr 20/8 1976 samþ. Olíumöl h.f., Hamraborg 7, Kópavogi. Ég hefi sýnt þennan víxil þar nokkrum sinnum, en ekki fengið neina greiðslu.“

Ákærði, Árni Jóhannsson, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Byggingafélagsins Brúnar h/f, hefur skýrt frá því, að félagið hafi tekið að sér sem verktaki byggingarframkvæmdir fyrir

ýmsa aðilja, og hafa starfsmenn þess aðallega verið verkamenn og trésmiðir. Ákærði kveður félagið eiga samkvæmt samningum að greiða til Lífeyrissjóðs byggingamanna iðgjöld, er nema 10% af dagvinnukaupi. Skal félagið sjálft greiða 6%, en launþegi 4%, og ber félaginu sem atvinnurekanda að standa skil á þessu til lífeyrissjóðsins fyrir hvern mánuð, og er gjalddaginn 10. næsta mánaðar. Vegna fjárhagsörðugleika gat félagið ekki staðið skil á umræddum greiðslum til lífeyrissjóðsins frá september 1974 til júlí 1976. Greiddi félagið aldrei umrædd 6% til lífeyrissjóðsins, sem því bar að greiða. Það tók 4% af launum starfsmanna, en gerði ekki heldur skil á því. Ákærði kveðst ekki mótmæla því, að þetta hafi samtals numið kr. 532.580, svo sem í ákæru greinir. Sumarið 1976 var gert samkomulag við lögfræðing lífeyrissjóðsins, Hákon H. Kristjónsson héraðsdómslögmanns, og féllst hann á, að fyrirtækið afhenti víxla, sem voru í eigu þess, til greiðslu á skuld félagsins við lífeyrissjóðinn. Ákærði man ekki um fjárhæð víxlanna, en í henni voru innifaldir, auk skuldarinnar, vextir og kostnaður. Vixla þessa kvað hann eiga að falla á þessu ári og væru þeir ekki greiddir. Ákærði kveðst líta svo á, að með því að veita víxlunum móttöku hafi verið gerð upp skuld byggingafélagsins við lífeyrissjóðinn að fullu og sé mál þetta þar með úr sögunni.

Hákon H. Kristjónsson hefur mætt sem vitni í máli þessu og staðfest kæru sína.

Svo sem í bréfum vitnisins greinir, gerði Byggingafélagið Brún h/f ekki skil á lífeyrissjóðsiðgjöldum fyrir starfsmenn þess. Vitnið hafði margreynt að fá félagið til að gera skil á iðgjöldunum frá september 1974, og í framhaldi af því var skilagreinin lätin í té. Hinn 25. ágúst 1976 afhenti lögmaður hlutafélagsins vitninu víxil að fjárhæð kr. 710.000 pr. 20. apríl 1976 (sic), samþykktan af Olíumöl h/f, Hamraborg 7 í Kópavogi. Þetta voru ekki nákvæmlega ógreidd iðgjöld lífeyrissjóðsins, en nokkuð nærri lagi. Vitnið sýndi víxilinn til greiðslu nokkrum sinnum, en innheimta tókst ekki. Greiðsla hefur ekki farið fram ennþá, en vitnið telur sig hafa fengið nægilega tryggingu fyrir henni.

Vitnið staðfestir, að framlag til lífeyrissjóðsins, sem tekið var af starfsmönnum byggingafélagsins, komi fram á afritunum af skilagreininum, en hinn hluti fjárhæðarinnar, er í ákæru greinir, séu iðgjöld, er byggingafélagið átti sjálft að greiða.

Vitnið kveðst hafa tekið við fleiri víxlum frá byggingafélaginu, en þar er um aðrar greiðslur að ræða.

Samkvæmt afritum af skilagreininum fyrir lífeyrissjóðsgjöldum

frá Byggingafélaginu Brún h/f hefur félagið haldið eftir af launum starfsmanna sinna til greiðslu á iðgjöldum til Lífeyrissjóðs byggingamanna sem hér segir:

Árið 1974 frá september—desember	kr. 75.068
Árið 1975	— 101.748
Árið 1976 frá janúar—júlí	— 36.136
	<hr/>
Samtals	kr. 212.952

Alls nema mótframlög félagsins til lífeyrissjóðsins kr. 319.428 á þessu tímabili, þannig að heildarfjárhæðin er kr. 532.380.

Niðurstöður.

Eins og nú hefur verið rakið, var atvinnurekandaframlag Byggingafélagsins Brúnar h/f til Lífeyrissjóðs byggingamanna kr. 319.428. Lítur dómurinn svo á, að hér sé um að ræða almenna skuld, sem vanskil urðu á að greiða, og ber að sýkna ákærða af ákærinni að því leyti.

Með því hins vegar að hefjast ekki handa um skil á kr. 212.952, er félagið tók af launum starfsmannanna, fyrr en 25. ágúst 1976, eftir að innheimtutilraunir höfðu reynst árangurslausar og málið hafði verið kært, hefur ákærði, sem var framkvæmdastjóri þess og stjórnarformaður, orðið brotlegur gegn 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærða, Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður, gerði ekki kröfu til málsvarnarlauna, færi svo, að um áfellingisdóm yrði að ræða.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Jóhannsson, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.